

**Stjórnarfundur**  
**16. apríl 2018**  
**Þórunnartúni 6**  
**kl. 12:00 – 13:30**

Fundinn sátu: Jónatan Garðarsson, Reynir Kristinsson, Snorri Baldursson og Einar Gunnarsson sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá stjórnarfundar**

1. Fundargerð síðasta fundar 9. mars. 2018

Fundargerðin samþykkt.

2. Uppgjör ársins 2017 og áætlun fyrir árið 2018

Uppgjör ársins 2017 og áætlun fyrir árið 2018. Frestað til næsta fundar. Einar og Reynir fara yfir bókhaldið með Hrefnu.

3. Stefnumótun Kolviðar

Farið var yfir athugasemdir Snorra. Ríkur vilji er til þess að bjóða upp á landgræðslu, endurheimt votlendis og birkiskóga sem valkost eftir því sem þekkingu fleygir fram.

Afgreiðslu frestað þar til nýir fulltrúar Landverndar koma í stjórn Kolviðar svo þeim gefist kostur á að taka þátt í lokafrágangi stefnumótunarinnar.

4. Ársfundur Kolviðar fimmtudaginn 26. apríl

Ársfundi Kolviðar frestað fram á haust þar sem stefnumótun verður varla afgreidd fyrr en komið er fram á sumar.

5. Samningar framundan

- a. Sölufélag garðyrkjumanna. Stefnt að undirritun nú í vikunni.
- b. Skálholt (um land). Samningar í vinnslu.

6. Samstarf á Norðurlandi

- a. Húsavík: Fulltrúar Kolviðar áttu fund með Norðursiglingu og Norðurþingi. Fylgt eftir með bréfi til Norðurþings.
- b. Akureyri:

Skógræktarfélag Eyfirðinga: Fundað var með þeim um land undir Kolviðarskóg og þjónustusamning. Erindi hefur verið sent til þeirra.

Háskólinn á Akureyri: Fundað var með háskólarektor um samstarf um jörðina Végeirsstaði í Fnjóskadal. Einar tekur saman minnispunkta.

#### 7. Merki Kolviðar:

Tillaga um að breyta um lit á enska heitinu úr grænu yfir í blátt og stækka letrið lítillaga var samþykkt.

#### 8. Endurskoðun heimasíðu

Endurskoðun á heimasíðu frestað þangað til stefnumótun hefur verið samþykkt.

#### 9. Önnur mál

##### A. Fróðleikur frá Fagráðstefnu skógræktar 2018:

Rannsóknir sýna að veruleg binding á sér stað í asparskóginum í Sandlækjarmýri eða um 20 tonn af CO<sub>2</sub>/ha/ár á árunum 2015 og 2016.

B. Fundur með Klöppum. Klappir eru með hugbúnað sem stór fyrirtæki nota í grænu bókhaldi. Rætt var um mögulegt samstarf milli Kolviðar og Klappa.

C. Lögð hefur verið fram tillaga til þingsályktunar um kolefnisjöfnun vegna eldsneytisnotkunar opinberra aðila.

Stefnt að næsta stjórnarfundum 22. maí kl. 12:00-13:30

Undirskriftir:

Jónatan Garðarsson

Snorri Baldursson

Reynir Kristinsson

Einar Gunnarsson

